



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fasteignagjöld árið 2018 Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi.

Á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 29. nóvember 2017 voru samþykktar styrkveitingar til félagasamtaka til greiðslu á fasteignagjöldum árið 2018.

Skilyrði styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til starfsemi félagasamtaka er sinna menningarmálum, íþróttamálum og til björgunarsveita. Styrkur er einungis veittur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds, að hámarki til hvers félags 102.400 kr. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfssemi.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðaleiga, vatnsgjald og sorggjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn ársreikningi vegna ársins 2017, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar og skili inn umsókn fyrir 1. júní 2018.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2018
Bæjarstjórinn í Vesturbyggð.